



Skaftárhreppur- Aðalskipulag 2002 - 2014

Breyting á þéttbýlisupprætti, Klausturshlað.



Gildandi aðalskipulag frá 26. mars 2003, með staðfestum breytingum frá 12. september 2007, mkv. 1:10.000.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, mkv. 1:10.000.

SKÝRINGAR :

Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Íbúðarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Þjónustustofnanir
- Iðnaðarsvæði
- Athafnasvæði
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Efnistökusvæði
- Sorpförgunarsvæði
- Öbyggð svæði

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Safnvegir og aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Flugvöllur með helgunarsvæði

Verndarsvæði

- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI
Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum nr xxx
- ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
Friðlýstar forleifar skv. þjóðminjalögum
- VATNSVERNDARSVÆÐI
Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla

Veitur

- RAFVEITA
Raflínur 11kV til skýringar
- Mörk þéttbýlisuppráttar

GREINARGERÐ

Hér á eftir er lýst breytingum sem gerðar eru á landnotkun í þéttbýli í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 - 2014, sem staðfest var 26. mars 2003 með staðfestum breytingum frá 12. september 2007. Gerð er breyting á greinargerð í köflum 3.16 Íbúðarsvæði, 3.18 Verslunar- og þjónustusvæði, 3.19 Athafnasvæði og 3.20 Iðnaðarsvæði.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi við Klausturshlað kemur til vegna breytinga á nýtingu bygginga.

Sláturhúsið hefur verið lagt af og nýir eigendur ætla að nýta byggingarnar í tengslum við alhliða ferðaþjónustu s.s. veitingarekstur, sýningaraðstöðu og gistingu.

Breytingin er í samræmi við stefnumörkun sveitarstjórnar í tengslum við endurskoðun á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Þar kemur fram að gera megi ráð fyrir fjölgun ferðamanna m.a. í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem kallar á aukna ferðaþjónustu og að endurskoða þurfi landnýtingu á Klausturshlaðinu.

Frá Klausturshlaðinu liggur í dag akvegur að Systrastapa og þar er upphaf gönguleiðar að Systravatni. Ferðaþjónusta á þessum stað fellur vel að núverandi landnotkun á svæðinu sem er íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði (Kirkjubæjarstofa) og athafnasvæði (fiskverkun).

1. IÐNAÐUR - VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI (sbr. kafla 3.20 og 3.18). Eftirfarandi breyting verður á landnotkun á Klausturvegi 1, þar sem iðnaðarsvæði (I-1) er breytt í 0,6 ha verslunar- og þjónustusvæði (V8) þar sem gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn.

2. ÍBÚÐARSVÆÐI/ATHAFNASVÆÐI - ATHAFNASVÆÐI OG ÍBÚÐARSVÆÐI/VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI (sbr. kafla 3.16, 3.18 og 3.19).

Breyting er gerð á landnotkun á Klausturvegi 3-5 þar sem landnotkun er skipt niður í tvö svæði. Annarsvegar er íbúðarsvæði/athafnasvæði breytt í 0,1ha athafnasvæði (A-5) þar sem nú þegar er gert ráð fyrir að svæðið verði nýtt til fiskverkunar. Hins vegar er versturluta svæðisins 0,1 ha breytt úr íbúðarsvæði/athafnasvæði í íbúðarsvæði/verslunar- og þjónustusvæði. Fyrir er á svæðinu tvær íbúðir en gert er ráð fyrir verslun- og þjónustu á jarðhæð.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., var samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 13. maí 2008.

_____, sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____ 2008.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann _____ 2008.



LANDMÓTUN

Dags: 18.08.2008	Mkv: 10.000	Teikn:mó	Verk nr. 8509-SA10:
Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir			

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 fax: 554 5360 netf: landmolun@landmotun.is

